



### **132. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 15. maí 2013 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Trausti Baldursson, Erla Friðriksdóttir og Þórólfur Halldórsson varamaður. Arnheiður Jónsdóttir boðaði forföll.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

#### **Fundargerð 131. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

#### **Fyrirspurn Fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna um örnefnaskráningu á Breiðafirði**

Fornleifafélag Barðstrendinga og Dalamanna spyr um stöðu mála varðandi skrásetningu og hnitsetningu örnefna á Breiðafjarðarsvæðinu.

##### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd fagnar áhuga fornleifafélags Barðstrendinga og Dalamanna. Ritara falið að veita umbeðnar upplýsingar og óska eftir fundi með fornleifafélaginu þar sem hugsanlegir samstarfsfletir verða ræddir.

#### **Bæklingur um nytjar á Breiðafirði**

Nefndarmenn fóru yfir textadrög nytjabæklingsins.

#### **Verndaráætlun Breiðafjarðar**

Trausti kynnti stöðu vinnu við verndaráætlun.

#### **Starfsskýrsla 2012**

Ritari lagði fram drög að starfsskýrslu 2012.

##### **Afgreiðsla:**

Umræður um starfsskýrslu fóru fram en ekki tókst að ljúka við starfsskýrsluna en hún verður lögð fram til endanlegrar afgreiðslu á næsta fundi.

#### **Önnur mál**

Lagt var fram til kynningar bréf frá félagi bátaáhugamanna Breiðafjarðar um „Bátadaga á Breiðafirði 2013“.

Nefndarmenn ræddu um fyrirhugaða vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar. Stefnt er á að fara að fara í dagsferð í byrjun júlí með tilliti til sjávarfalla.

Fundi var slitið kl. 14:40. Næsti fundur er áætlaður 5. júní 2013.